

## Svar

### matvælaráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um eftirlit Fiskistofu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvert er umfang eftirlits Fiskistofu, greint eftir fjölda skipta sem fjarstýrð loftför (drónar) eru send út til eftirlits? Svar óskast brotið niður á útgerðarflokka og veiðarfæri.*

Ráðuneytið leitaði upplýsinga frá Fiskistofu vegna þessarar fyrirspurnar.

Árið 2021 var farið í 637 eftirlitsflug með fjarstýrðum loftförum:

- 177 eftirlitsflug með skipum með aflamark, sem skiptust þannig eftir veiðarfærum:
  - 128 með dragnót,
  - 22 með þorskanet,
  - 17 með botnvörpu,
  - 5 með línu,
  - 4 með loðnunót,
  - 1 með flotvörpu.
- 154 eftirlitsflug með bátum með grásleppuleyfi.
- 102 eftirlitsflug með bátum með krókaaflmark, sem skiptust þannig eftir veiðarfærum:
  - 68 með línu,
  - 33 með handfæri,
  - 1 með gildirur.
- 71 eftirlitsflug með smábátum með aflamark, sem skiptust þannig eftir veiðarfærum:
  - 48 með þorskanet,
  - 14 með línu,
  - 5 með handfæri,
  - 4 með kolanet.
- 68 eftirlitsflug með strandveiðibátum.
- 65 eftirlitsflug vegna lax, silungs og malartekju.

Á yfirstandandi ári fram að 26. október var farið í 331 eftirlitsflug með fjarstýrðum loftförum:

- 90 eftirlitsflug með bátum með grásleppuleyfi.
- 83 eftirlitsflug voru vegna lax, silungs og malartekju.
- 53 eftirlitsflug með strandveiðibátum.
- 46 eftirlitsflug með skipum með aflamark, sem skiptust þannig eftir veiðarfærum:
  - 25 með loðnunót,
  - 16 með dragnót,
  - 4 með flotvörpu,
  - 1 með þorskanet.

- 27 eftirlitsflug með erlendum skipum, sem skiptust þannig eftir veiðarfærum:
  - 25 með loðnunót,
  - 2 með flotvörpu.
- 22 eftirlitsflug voru með bátum með krókaafllmark, sem skiptust þannig eftir veiðarfærum:
  - 18 með línu,
  - 4 með handfæri.
- 10 eftirlitsflug með smábátum með aflamark, sem voru allir með þorskanet.